

Hlutverk bekkjarfulltrúa

Starf bekkjarfulltrúa felur fyrst og fremst í sér að vera leiðtogar í hópi foreldra í bekknum, fremstir meðal jafningja. Þeir gegna hlutverki verkstjóra sem hafa jákvæða hvatningu að leiðarljósi. Taka þátt í starfi foreldrafélagsins og virkja aðra foreldra til samstarfs.

Þeir skipuleggja bekkjarskemmtun utan skólatíma til að nemendur og foreldrar hittist, kynnist og eigi ánægjulega stund saman. Viðmið: Hittast a.m.k einu sinni fyrir jóla og einu sinni eftir jóla. Athugið að bekkjarfulltrúar eiga ekki að vera skemmtanastjórar heldur er mikilvægasta starf þeirra að virkja aðra foreldra til samstarfs. Bekkjarfulltrúar geta einnig aðstoðað kennara við að finna aðstoðarmenn þegar þess gerist þörf t.d. í vettfangsferðir.

Hugmyndir fyrir bekkjarfulltrúa má finna á heimasíðu skólans en svo er um að gera að spyrja börnin hvað þau vilji gera.

Munum að hafa gaman að því að vera bekkjarfulltrúi 😊